



Borgarráð

Reykjavík, 7. júlí 2025
MSS25010177

Boðað til borgarapings Reykjavíkur 2025

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að fela forseta borgarstjórnar að boða til borgarapings þann 13. september 2025 að fenginni tillögu frá Stafrænu ráði um umfjöllunarefni þingsins í samræmi við reglur um borgaraping Reykjavíkur.

Í reglum um borgaraping Reykjavíkur segir í 2.gr.: „Borgarstjórn tekur að jafnaði árlega ákvörðun um að halda borgaraping með íbúum sveitarfélagsins um afmörkuð málefni eða verkefni Reykjavíkurborgar að fenginni tillögu stafræns ráðs um viðfangsefni.

Í reglum um borgaraping Reykjavíkur segir í 4.gr.: „ Forseti borgarstjórnar boðar til borgarapings í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar, sbr. 2.gr. reglna þessara.

Greinargerð:

Hjálagt er samþykkt tillaga að umfjöllunarefni borgarapings frá Stafrænu ráði frá því 13.júní sl., þar segir:

Umfjöllunarefni borgarapings verður:

Hvernig verður Reykjavík kolefnishlutlaus borg?

Á borgarapingi yrði umræðum skipt í 4 flokka:

- Gönguborgin Reykjavík
- Hjólaborgin Reykjavík
- Útilífsborgin Reykjavík
- Almenningsamgönguborgin Reykjavík

Sú stefnumótun sem tillagan byggir á er eftirfarandi;

- Loftslagsborgarsamningur um kolefnishlutleysi árið 2030. Ein af aðgerðum samningsins gerir ráð fyrir því að fram til ársins 2030 verði haldið borgaraping um umhverfismál og kolefnishlutleysi með þátttöku borgarbúa.
- Stefnumótun varðandi Gönguvæna borg á umhverfis- og skipulagssviði.
- Útilífsborgin á menningar- og íþróttasviði
- Endurskoðun Hjóltreiddaáætlunar mun hefjast í haust.

Allar þær tillögur sem fram koma á borgarapingi munu nýtast við stefnumótun í framangreindum málaflokkum.

Stefnt er að því að þingið verði haldið þ. 13. september nk. og að fyrirkomulag þingsins verði með sambærilegum hætti og árið 2024. Samráðsgátt borgarinnar verður opnuð þar sem öll geta sett inn tillögur á þeim málaflokkum sem til umfjöllunar eru á þinginu.

Sérstaklega verður óskað eftir þátttöku ungmenna í ungmennaráðum Reykjavíkur. Einnig verður boðið bréflega slembivöldum þátttakendum úr hópi borgarbúa.



Reykjavík



Virðingarfyllst,
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Samþykkt tillaga að umfjöllunarefni borgarapings frá Stafrænu ráði frá því 13.júní 2026
Reglur um borgaraping



Reykjavík



Reykjavík, 13. júní 2025
MSS25010177

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Afgreiðslubréf: Tillaga að umfjöllunarefni borgarþings Reykjavíkur árið 2025

Á fundi stafræns ráðs þann 13. júní 2025 var lagt fram nýju bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 23. maí 2025, um tillögu að umfjöllunarefni borgarþings Reykjavíkur árið 2025, ásamt fylgigögnum, sbr. 6. lið fundargerðar stafræns ráðs frá 28. maí 2025, sbr. 1 lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík

Tillaga að umfjöllunarefni borgarþings Reykjavíkur árið 2025

Í samræmi við 2.gr. reglna um borgarþing hefur Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa leitað eftir ábendingum um efni á dagskrá borgarþings hjá íbúum, borgarfulltrúum og fagráðum borgarinnar.

Alls bárust 6 ábendingar; frá umhverfis- og skipulagssviði, umhverfis- og skipulagsráði, frá velferðarráði, frá menningar- og íþróttaráði, skóla- og frístundasviði, mannréttindaráði og eitt erindi barst frá borgarbúa. Ábendingarnar fylgja með sem fylgiskjöl.

Farið var yfir innsendar ábendingar og þær metnar út frá eftirfarandi þáttum:

- Er umræðuefnið hluti af stefnumótun sem getur tekið við þeim tillögum sem fram munu koma á borgarþinginu?
- Er umræðuefnið álitafni sem áhugavert er til umfjöllunar á borgarþingi?
- Hefur það/þau svið sem fer með viðkomandi málavæði svigrúm til greiðslu þess kostnaðar sem til fellur vegna borgarþings?

Lagt til að umfjöllunarefni borgarþings verði: **Hvernig verður Reykjavík kolefnishlutlaus borg?**

Á borgarþingi yrði umræðum skipt í 4 flokka:

- Gönguborgin Reykjavík
- Hjólaborgin Reykjavík
- Útilífsborgin Reykjavík
- Almenningsamgönguborgin Reykjavík

Sú stefnumótun sem tillagan byggir á er eftirfarandi;

- Loftslagsborgarsamningur um kolefnishlutleysi árið 2030. Ein af aðgerðum samningsins gerir ráð fyrir því að fram til ársins 2030 verði haldið borgarþing um umhverfismál og kolefnishlutleysi með þátttöku borgarbúa.
- Stefnumótun varðandi Gönguvæna borg á umhverfis- og skipulagssviði.
- Útilífsborgin á menningar- og íþróttasviði
- Endurskoðun Hjólreiðaáætlunar mun hefjast í haust.

Allar þær tillögur sem fram koma á borgarþingi munu nýtast við stefnumótun í framangreindum málaflokkum.

Stefnt er að því að þingið verði haldið þ. 13. september nk. og að fyrirkomulag þingsins verði með sambærilegum hætti og árið 2024. Samráðsgátt borgarinnar verður opnuð þar sem öll geta sett inn tillögur á þeim málaflokkum sem til umfjöllunar eru á þinginu.

Sérstaklega verður óskað eftir þátttöku ungmenna í ungmennaráðum Reykjavíkur. Einnig verður boðið bréfléga slembivöldum þátttakendum úr hópi borgarbúa.

Virðingarfyllst,

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Hjálagt:

Tillaga umhverfis- og skipulagsráðs og umhverfis- og skipulagssviðs

Tillaga menningar- og íþróttaráðs

Tillaga mannréttindaráðs

Tillaga skóla og frístundasviðs

Tillaga velferðarráðs

Tillaga frá íbúa



Viðtakandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Sendandi: Aðalskipulag og loftslagsmál

Reykjavík, 15. apríl 2025

MSS25010177

MINNISBLAÐ

Minnisblað um Borgaraþing 2025 – Gönguvæn borg

Reykjavík hefur verið með loftslagsstefnu síðan 2009 með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í borginni. Markmið um kolefnishlutleysi¹ var fyrst sett 2016 og þá stefnt að kolefnishlutleysi 2040. Þeirri stefnu var fylgt eftir með aðgerðaáætlun sem var uppfærð árið 2021 og er sú aðgerðaáætlun í gildi til 2025. Einnig var stefnu um kolefnishlutleysi 2040 fylgt eftir í viðbót við Aðalskipulag Reykjavíkur 2022.

Árið 2022 varð Reykjavík ein svokallaðara „Climate mission“ borga (loftslagsborga) með þátttöku í Evrópusamstarfi um 112 kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030. Um 377 borgir sóttust eftir að komast í þann hóp svo þátttakan er mikill heiður fyrir Reykjavík.

Með þátttöku borgarinnar í Evrópusamstarfinu (loftslagsborgir) er skylda að útbúa loftslagsborgarsamning (Climate City Contract) samkvæmt ákveðinni forskrift frá Evrópusambandinu. Borgarstjóri ber ábyrgð á loftslagsborgarsamningi. Fyrstu drög að loftslagsborgarsamningi Reykjavíkur var undirritaður 7. október 2024. Sá samningur inniheldur 15 aðgerðir með 18 þátttakendum utan borgar. Samningurinn felur í sér skuldbindingu og samstarf þátttakenda um aðgerðir til að ná kolefnishlutleysi 2030. Með undirritun samningsins er Reykjavík að skuldbinda sig til að flýta markmiði um kolefnishlutleysi um 10 ár, þ.e. frá 2040 til 2030.

Loftslagsborgarsamningurinn var lagður fram til ráðgjafa Evrópusambandsins NetZeroCities eftir undirritun í október 2024 og aftur í janúar 2025 eftir endurgjöf og óskir um leiðréttingar af hálfu NetZeroCities. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hvenær loftslagsborgarsamningurinn verður fullgildur með viðeigandi stimpli (labelled).

Áherslur og aðgerðir í loftslagsborgarsamningi

Megináherslur í loftslagsborgarsamningi eru fimm:

1. Samgöngur, breyttar ferðavenjur og innviðir fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi
2. Orkuskipti í vegasamgöngum og Reykjavíkurhöfn
3. Úrgangsmál og hringrásarhagkerfið
4. Byggingargeirinn. Reykjavík er með metnaðarfull áform um uppbyggingu, mikilvægt að sú uppbygging hafi sem minnst áhrif á loftslag.
5. Sanngjörn umskipti (e. just transition)

¹ Í mjög stuttu máli felur orðið „kolefnishlutleysi“ í sér að losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið sé jafn mikil og náttúran nær að kolefnisbinda.



Aðgerðir sem eru taldar upp í loftslagsborgarsamningnum hafa snertifleti við þessar áherslur en þær eru eftirtaldar:

Portfolio of all actions						
Energy systems	Mobility transport	Waste&circular economy	Green infrastructure	Built environment	Adaptation to Climate change	Citizens
Climate neutral energy production	Transport Treaty	Increase recycling of waste from the private sector	Carbon sinks- evaluation of next steps	Fossil fuel free construction sites	Blue Green surface water solutions	Citizen convention on climate
	15-minute district planning	Change of regulations regarding F gases		Low- carbon and circular building materials	Flood control installations to become recreational areas and parks	Consultation portal to open on ways to reach climate neutrality
	Co-operation with the largest workplaces in Reykjavík on mobility					Pilot Cohort 3 – Piercing through the gridlocks
	Co-operation with Festa óna a declaration on mobility					ECT call: Developing the future of a climate neutral city
	Visit Reykjavík – Climate declaration					Bloomberg Youth Climate Action Fund
	Faxaflóahafnir (Port) climate neutral 2030					
	Change of regulations on energy transitions in the car fleet					

Eins og sést á ofangreindri töflu var gert ráð fyrir að ein af aðgerðum Reykjavíkurborgar væri að halda Borgaræping um loftslagsmál (Citizen convention on climate).

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 26. mars 2025, 8. liður, var bókað að ráðið “...leggur til að hafa gönguvæna borg sem umræðulið á borgaræpingi Reykjavíkur”

Gönguvæn borg, borgarbúar og loftslagsmál

Gönguvæn borg fer vel saman við umræður um loftslagsmál almennt og hægt að tengja við fjölda margar aðgerðir sem eru taldar upp í loftslagsborgarsamningnum. Gönguvæn borg tengist aðgerðum undir flokknum samgöngur, m.a. aðgengi að almenningssamgöngum og áherslum í Samgöngusáttmála, tengist uppbyggingu 15 mínútna borgar, samstarfsverkefnin við stærstu vinnustaðina og Festu og áherslur í ferðaþjónustu. Göngufjarlægð að möguleikum til endurvinnslu og þátttöku í hringrásarhagkerfinu er mikilvæg loftslagsaðgerð, eins og t.d. nálægð við svokallaðar “second hand” verslanir (hringrásar verslanir) og að endurvinnslustöðvum. Einnig aðgengi að deilibílum og deilirafskútum í göngufjarlægð. Meiri gróður bindur kolefni og gerir borgina gönguvæna á sama tíma. Innviðir fyrir gönguvæna borg hefur minna kolefnisspor en fyrir aðra ferðamáta, yfirborðið er minna og getur verið úr vistvænni efnum. Ganga er kostnaðarlítt ferðamáti, eykur líkur á félagslegum samskiptum og tengist því réttlátum umskiptum. Gangandi vegfarendur efla sína eigin helsu og auka öryggi í nærumhverfi.



Óskað eftir að gönguvæn borg verði umfjöllunarefni Borgarþings 2025

Að ganga er sá ferðamáti sem hefur minnsta kolefnissporið og er aðgengilegur ferðamáti fyrir borgarbúa á öllum aldri. Allir borgarbúar geta haft áhrif á hvernig borgin getur orðið gönguvænni hvort sem er í nærumhverfi eða í borginni allri.

Óskað er eftir að gönguvæn borg verði umfjöllunarefni borgarþings Reykjavíkur árið 2025.

Virðingarfyllt,
Hrönn Hrafnisdóttir,
Deildarstjóri loftslagsmála
Aðalskipulag og loftslagsmál
Umhverfis- og skipulagssvið



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 11. apríl 2025
MSS25010177

Borgaræping Reykjavíkur 2025

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 11. apríl 2025 var lagt fram bréf skrifstofu mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 18. mars 2025 þar sem óskað er eftir ábendingum á efni dagskrá borgaræpings 2025. MSS25010177.

Fulltrúar menningar- og íþróttaráðs lögðu fram svohljóðandi bókun:

Eitt helsta leiðarljós lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar er að efla gæði í ákvarðanatöku með því að fá fram og taka tillit til mismunandi sjónarhorna og hagsmuna. Borgaræping er kjörinn vettvangur íbúa og borgarstjórnar til að eiga samtal um málefni borgarinnar sem skipta íbúa máli hverju sinni. Menningar- og íþróttaráð leggur til að Útilífsborgin verði umræðuefni næsta borgaræpings með því markmiði að auka þátttöku borgarbúa í almennri útiveru og stuðla að bættri lýðheilsu. Þá mætti skoða það að tengja þemað við aðrar hugmyndir íbúa og ráða eins og um loftslagsmál og gönguvæna borg.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
Helga Björnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu
Menningar- og íþróttasviði



Reykjavík

Sæl verið þið,

Kem hér á framfæri hugmyndum frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi umfjöllunarefni á borgarþingi.

Bestu kveðjur,

Eygló Traustadóttir (hún/she)

verkefnastjóri - stjórnsýsla, gögn og gæði

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

s. 411 1111/ 411 7037

netfang: eyglo.traustadottir@reykjavik.is

Jákvæðni – virðing – samvinna – fagmennska

Látum draumana rætast

Frá: Steinn Jóhannsson <Steinn.Johannsson@reykjavik.is>

Sent: fimmtudagur, 20. mars 2025 15:54

Til: Eygló Traustadóttir <eyglo.traustadottir@reykjavik.is>

Efni: Re: Fagráð - kallað eftir umfjöllunarefnum v. borgarþings 2025 - MSS25010177

Sæl Eygló.

Hér eru hugmyndir um umræðuefnum:

1. Hvernig virkjum við betur forsjáraðila af erlendum uppruna í foreldrasamstarfi leik- og grunnskóla?
2. Hvernig er hægt að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í tómstunda- og íþróttastarfi?
3. Hvernig aukum við þátttöku barna af erlendum uppruna í ungmennaráðum borgarinnar?

Bæti svo ef það vantar fleiri hugmyndir.

kv.

Steinn



Steinn Jóhannsson (hann/he)
Sviðsstjóri / Director

Skóla- og frístundasvið /
Department of Education and Youth
Borgartún 12-14

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Góðan dag,

Á fundi velferðarráðs 30. apríl 2025 var lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 18. mars 2025, þar sem kallað er eftir umfjöllunarefnum á borgaraþingi Reykjavíkur 2025.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Vilji velferðarráðs er að rædd verði málefni ungmenna, unglingamenning og framtíðarsýn þeirra á borgina og nærsamfélag sitt. Leitað verði til ungmennaráða til að taka þátt í mótun fundarins.

Ábendingu velferðarráðs er hér með komið á framfæri.

Bestu kveðjur,



Randver Kári Randversson

Sérfræðingur

S. 411 9062



REYKJAVÍK
— fyrir okkur öll

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar /
City of Reykjavik, Department of Welfare

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík



Regnbogavottun



Í samræmi við Græn skref Reykjavíkurborgar hvetjum við til notkunar á virkum og umhverfisvænum ferðamáta, að ganga, hjóla eða nýta almenningssamgöngur.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 6. maí 2025
MSS25010177

Umfjöllunarefni borgarþings Reykjavíkur 2025

Á fundi mannréttindaráðs þann 10. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga, sbr. 11. lið fundargerðar sama dag :

Lagt er til að borgarþing 2025 verði annars vegar tileinkað samtali við borgarbúa um hvernig megi tryggja að í öllum hverfum séu opin aðgengileg græn svæði og almenningssvæði og/eða fjölmennung í Reykjavík og hvernig Reykjavík getur betur stuðlað að inngildingu íbúa af erlendum uppruna

Tillagan var samþykkt.
Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Það tilkynnist hér með.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 18. mars 2025



Reykjavík



Fagráð

Reykjavík, 18. mars 2025

MSS25010177

Kallað er eftir umfjöllunarefnum borgarþings Reykjavíkur árið 2025

Kallað er eftir ábendingum að efni á dagskrá borgarþings 2025 frá íbúum, borgarfulltrúum, fagráðum og öðrum þeim sem láta sig málefnið varða.

Senda má ábendingar á netfangið lydraedi@reykjavik.is fyrir 30. apríl nk. Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.reykjavik.is/borgarathing

Samkvæmt 2. grein reglna um borgarþing Reykjavíkur heldur Borgarstjórn árlega borgarþing með íbúum sveitarfélagsins um afmörkuð málefni eða verkefni Reykjavíkurborgar.

Borgarstjórn boðar til borgarþings með fjögurra vikna fyrirvara með upplýsingum um umfjöllunarefni, dagsetningu og fyrirkomulag. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fer með ábyrgð og framkvæmd borgarþinga.

Óskað er eftir að bréf þetta þar sem kallað er eftir umfjöllunarefnum borgarþings 2025 sé lagt fram á fundum fagráða.

Virðingarfyllst,
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Samrit:

Mannréttindaráð

Velferðarráð

Skóla- og frístundaráð

Umhverfis- og skipulagsráð

Stafrænt ráð

Menningar- og íþróttaráð

Hjálagt: Reglur um borgarþing



Reykjavík

Reglur um Borgaraþing Reykjavíkur

Skilgreining

1. gr.

Borgaraþing Reykjavíkur er formlegur vettvangur borgarbúa og borgarstjórnar til að eiga samtal um málefni Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að auka möguleika þátttakenda á að hafa áhrif á stefnumótun og stjórn borgarinnar og gefur íbúum tækifæri til beinni tengsla við kjörna fulltrúa með samtali um það sem skiptir þá máli hverju sinni.

Dagskrá

2. gr.

Borgarstjórn tekur að jafnaði árlega¹ ákvörðun um að halda borgaraþing með íbúum sveitarfélagsins um afmörkuð málefni eða verkefni Reykjavíkurborgar að fenginni tillögu stafræns ráðs um viðfangsefni. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa leitar eftir ábendingum um efni á dagskrá hjá íbúum, borgarfulltrúum, fagráðum, íbúaráðum og öðrum þeim sem láta sig málefnið varða og gerir tillögu að umfjöllunarefni borgaraþings til stafræns ráðs. Heimilt er að gera ráð fyrir fleiri málum á dagskrá þingsins en gæta skal að því að unnt verði að taka alla liði til umfjöllunar á áætluðum fundartíma.

Ábyrgð og framkvæmd

3. gr.

Ábyrgð og framkvæmd borgaraþinga er hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem hefur náð samráð við stafrænt ráð, skrifstofu borgarstjórnar og viðkomandi fagsvið². Skipaður er starfshópur sem fer með framkvæmd borgaraþings. Starfshópin skipa 3 fulltrúar; fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem jafnframt er formaður hópsins, 1 fulltrúi viðkomandi fagsviðs og 1 fulltrúi skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.

Boðun

4. gr.

Forseti borgarstjórnar boðar til borgaraþings í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar, sbr. 2. gr. reglna þessara. Íbúar skulu boðaðir til borgaraþings með auglýsingu á miðlum Reykjavíkurborgar, með sérstökum kynningum á fundum íbúaráða og fagráða Reykjavíkurborgar sem og auglýsingum á öðrum viðeigandi miðlum með að lágmarki fjögurra vikna fyrirvara.

Áhugasömum þátttakendum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir tilskilinn frest. Leitast skal við að senda hagaðilum sérstaka hvatningu um að taka þátt þar sem athygli þeirra er vakin á þinginu.

Könnun

5. gr.

Í aðdraganda borgaraþings getur stafrænt ráð ákveðið að láta gera könnun meðal borgarbúa á viðhorfum til viðfangsefnis þingsins. Niðurstöður könnunarinnar skal kynna á þinginu.

Fyrirkomulag

6. gr.

Fyrirkomulag borgaraþings, sem getur verið breytilegt og háð viðfangsefni hvers þings, skal kynna í auglýsingu. Áhersla er þó lögð á að borgaraþing hefur á sér annan blæ en hefðbundnir íbúafundir, en á borgaraþingi er megintilgangurinn að fá fram umræðu og kalla eftir viðhorfum. Borgaraþing tekur ekki bindandi ákvarðanir.

¹ Ekki skal boða til borgaraþings í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga eða frá 1.febrúar sama ár fram að kosningum.

² Það fagsvið sem fer með það/þau mál sem til umræðu verður á þinginu.

Tryggja skal jafnt aðgengi fyrir alla þátttakendur á þinginu eftir því sem unnt er. Kynningar og annað efni borgarapínganna verður gert aðgengilegt eins og kostur er. Fundarstjórn borgarapíngs skal vera í höndum aðila sem hvorki er starfsmaður Reykjavíkurborgar né kjörinn fulltrúi.

Afrakstur borgarapíngs

7. gr.

Öll gögn sem liggja fyrir borgarapíngi: kynningarefni og annað efni skal vera aðgengilegt að loknu píngi á vef Reykjavíkurborgar.

Afrakstur borgarapíngs skal skráður og gefinn út í formi samantektar að loknu píngi. Starfshópur gerir tillögur að málsmeðferð þeirra tillagna sem fram koma á borgarapíngi. Samantekt ásamt tillögum starfshóps skal leggja fram á fundi stafræns ráðs, borgarráðs, viðkomandi fagráðs og eftir atvikum á fundi borgarstjórnar.

Samþykkt borgarstjórn 21. janúar 2025

You don't often get email from [REDACTED]. [Learn why this is important](#)

Reykjavíkurborg

Umræðuefni;

Af hverju er lítið að marka það sem borgarstjórar hafa sýnt sem komandi skipulag?

Skipulagsmál í Breiðholti - Mjódd.

Af hverju / hver / er enginn ábyrgur fyrir þeim mistökum sem áttu sér stað við Álfabakka?

Af hverju er "skortur" í stærstu málaflokkum innan Rvkborgar - húsnæðis og leikskólamálum - skortur á forsjálni?

Af hverju er borgarþing haldið svo seint?

Fleiri tillögur koma síðar.

Kveðja,

[REDACTED]

[REDACTED]

Reglur um Borgarþing Reykjavíkur

Skilgreining

1. gr.

Borgarþing Reykjavíkur er formlegur vettvangur borgarbúa og borgarstjórnar til að eiga samtal um málefni Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að auka möguleika þátttakenda á að hafa áhrif á stefnumótun og stjórn borgarinnar og gefur íbúum tækifæri til beinni tengsla við kjörna fulltrúa með samtali um það sem skiptir þá máli hverju sinni.

Dagskrá

2. gr.

Borgarstjórn tekur að jafnaði árlega¹ ákvörðun um að halda borgarþing með íbúum sveitarfélagsins um afmörkuð málefni eða verkefni Reykjavíkurborgar að fenginni tillögu stafræns ráðs um viðfangsefni. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa leitar eftir ábendingum um efni á dagskrá hjá íbúum, borgarfulltrúum, fagræðum, íbúaráðum og öðrum þeim sem láta sig málefnið varða og gerir tillögu að umfjöllunarefni borgarþings til stafræns ráðs. Heimilt er að gera ráð fyrir fleiri málum á dagskrá þingsins en gæta skal að því að unnt verði að taka alla liði til umfjöllunar á áætluðum fundartíma.

Ábyrgð og framkvæmd

3. gr.

Ábyrgð og framkvæmd borgarþinga er hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem hefur náð samráð við stafrænt ráð, skrifstofu borgarstjórnar og viðkomandi fagsvið². Skipaður er starfshópur sem fer með framkvæmd borgarþings. Starfshópurinn skipa 3 fulltrúar; fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem jafnframt er formaður hópsins, 1 fulltrúi viðkomandi fagsviðs og 1 fulltrúi skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.

Boðun

4. gr.

Forseti borgarstjórnar boðar til borgarþings í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar, sbr. 2. gr. reglna þessara. Íbúar skulu boðaðir til borgarþings með auglýsingu á miðlum Reykjavíkurborgar, með sérstökum kynningum á fundum íbúaráða og fagræða Reykjavíkurborgar sem og auglýsingum á öðrum viðeigandi miðlum með að lágmarki fjögurra vikna fyrirvara.

Áhugasömum þátttakendum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir tilskilinn frest. Leitast skal við að senda hagaðilum sérstaka hvatningu um að taka þátt þar sem athygli þeirra er vakin á þinginu.

Könnun

5. gr.

Í aðdraganda borgarþings getur stafrænt ráð ákveðið að láta gera könnun meðal borgarbúa á viðhorfum til viðfangsefnis þingsins. Niðurstöður könnunarinnar skal kynna á þinginu.

Fyrirkomulag

6. gr.

Fyrirkomulag borgarþings, sem getur verið breytilegt og háð viðfangsefni hvers þings, skal kynna í auglýsingu. Áhersla er þó lögð á að borgarþing hefur á sér annan blæ en hefðbundnir íbúafundir, en á borgarþingi er megintilgangurinn að fá fram umræðu og kalla eftir viðhorfum. Borgarþing tekur ekki bindandi ákvarðanir.

¹ Ekki skal boða til borgarþings í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga eða frá 1.febrúar sama ár fram að kosningum.

² Það fagsvið sem fer með það/þau mál sem til umræðu verður á þinginu.

Tryggja skal jafnt aðgengi fyrir alla þátttakendur á þinginu eftir því sem unnt er. Kynningar og annað efni borgarapínganna verður gert aðgengilegt eins og kostur er. Fundarstjórn borgarapíngs skal vera í höndum aðila sem hvorki er starfsmaður Reykjavíkurborgar né kjörinn fulltrúi.

Afrakstur borgarapíngs

7. gr.

Öll gögn sem liggja fyrir borgarapíngi: kynningarefni og annað efni skal vera aðgengilegt að loknu píngi á vef Reykjavíkurborgar.

Afrakstur borgarapíngs skal skráður og gefinn út í formi samantektar að loknu píngi. Starfshópur gerir tillögur að málsmeðferð þeirra tillagna sem fram koma á borgarapíngi. Samantekt ásamt tillögum starfshóps skal leggja fram á fundi stafræns ráðs, borgarráðs, viðkomandi fagráðs og eftir atvikum á fundi borgarstjórnar.

Samþykkt borgarstjórn 21. janúar 2025